

Skógarvörðurinn á Austurlandi

---

---

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRID 1961

---

---

Sigurður Blöndal

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1961.

## I. I n n g a n g u r.

### 1. Veðurfar.

Veðurathuganamaðurinn hér, Páll Guttormsson, skrifar eftirfarandi athugasemdir um veðráttuna á Hallormsstað árið 1961:

Frá byrjun janúarmánaðar til 23. marz var algengust vestan, sunnan og suðvestanátt með hlýindum, að undanteknum einnar viku frostkafla í byrjun febrúar. Mesta veðurhæð var sunnan 10 vindstig hinn 8. marz. Í lok frostkaflans í febrúar náði frostið í jörðu 35 cm dýpt. Í hlýindunum í lok febrúar byrjuðu brum að opnast á hegg og þrútna á þingvíði. Og fyrrihluta marz byrjuðu þingvíðibrumin að opnast. Þá byrjuðu brum að þrútna á lerki og ösp.

Frá 23. marz til 15. apríl var norðlæg átt með mesta frosti 14,4° hinn 4. apríl. Eftir það fór hlýnandi í mánuðinum, með suðlægri átt síðustu dagana. Hélt svo fram í maímánuði og var allt frost farið úr jörðu viku af maí. Er þetta þriðja árið í röð, er maímánuður er mjög góður.

Norðvestanvindurinn 23. maí náði hér 8 vindstigum. Dálítið bar á því, að þá björgendur á ösp yrðu brúnar eftir veðrið.

Þótt meðalhití júnímánaðar væri nærri meðallagi og úrkoman mjög mikil, var sprettan hægfara, því að á daginn var oft þykkt loft og lítið sólskin, en kalt á nóttunni. Það varð dálítið vart við gulleitar nálar á ungu lerki í skóginum, allt að 2 m háu, eftir frostnóttina 9. júní.

Í júlímánuði var oftast austlæg og norðaustlæg átt, en bara 2 daga suðlæg. Það var oft þykkt loft og skúrir. Hitastigið var því oft lágt í mánuðinum, einkum tímarn 2.-17. Í fyrrihluta júlí var spretta trjáa og grasa yfirleitt ekki komin eins langt áleiðis og á sama tíma í fyrra, og var hún mjög hæg allan júlímánuð.

Fyrstu 10 daga ágústmánaðar var hitastigið lágt. Einnig var oft lágt hitastig um nætur fram til 26. ágúst. Frá og með 27. ágúst til mánaðamóta var á hverjum degi talsvert sólskin og meðalhitinn 11° C. Þá daga lengdist ársproti lerkitrjáanna í skóginum talsvert. Um mánaðamótin var vöxtur lerkisins orðinn sviðaður og í fyrrasumar.

Í septembermánuði var mjög mikið úrfelli, en hlýtt, einnig um nætur. Mjög bjart sólskin var dagana 6.-10. sept. Í mánuðinum bjuggu brum og sprotar trjákenndra plantna sig vel undir vetur.

Frá byrjun október til 28. var svipuð tíð og í sept. Það rigndi 101,2 mm dagana 24., 25. og 26. október. Fram að frostnóttinni 28. okt. voru bláklukkur, sóleyjar og fíflar í blóma í skóginum.

Í nóvember var einnig mjög mild tíð til 23., og var fram að þeim tíma talsvert af grænum grösnum á skógarbotninum. 23. nóvember skipti um tíðarfar. Norðlægu vindarnir frá og með 23. nóv. til 9. des. og frá 24. des. til 31. des. eru hinir köldustu, er hér hafa komið í seinni tíð. Í fyrri frostkaflnum í desember hlífði snjórinn mjög vel, og var nærri ekkert frost í jörðu í lok hans. En í lok desembermánaðar var frostlag í skóginum (grisjuðum birkiskógi) 10 cm á þykkt.

Enginn dagur á árinu náði 20 stiga hámarkshita. Síðasta vorfrost í mælaskýli mældist 25. maí + 1,8 stig, við jörð 3,0 stig. Hinn 11. júní var 0,0 stig í mælaskýli og +3,0 stig við jörð. Síðasta frost við jörð mældist 28. júní + 1,3 stig.

Fyrsta haustfrost við jörð kom 18. september, + 1,5 stig. Þá voru 0,3 stig í mælaskýli. En frost í mælaskýli kom ekki fyrr en í október.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1961.

Mán- uður	Hitastig C		Úrkoma mm		Sólskins- stundir	Fjöldi vaxtar- ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi		
Jan.	0,2	+1,5	161,2	+48,4	-	
Febr.	-0,1	+1,3	123,8	+53,6	38,6	-
Marz	0,2	-0,1	24,3	-19,5	104,8	-
Apríl	0,2	-1,3	19,6	-17,5	98,1	-
Maí	8,5	+1,3	19,4	-2,9	198,2	-
Júní	8,7	-0,3	62,6	+38,2	150,7	42,24
Júlí	10,5	-0,6	24,8	-15,0	133,8	57,48
Ágúst	10,4	+0,4	38,2	-2,7	109,4	56,65
Sept.	9,4	+1,7	123,0	+71,7	87,9	-
Okt.	5,6	+1,3	174,5	+115,5	43,6	-
Nóv.	2,0	+0,1	76,5	-8,9	3,7	-
Des.	-2,9	-2,5	106,6	+9,9	-	-
Árið	4,4	+0,4	954,5	+270,8	968,8	156,37
Júní- Sept.	9,8	+0,3	-	-	-	-

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðursins.

Birkiskógurinn varð allaufgaður 23. maí, eða með fyrsta móti. Lauf var aðeins byrjað að falla fyrir 20. sept., en 21. sept. var rigning og vonzkuveður og féll þá lauf mjög. Hinn 23. sept. telst um helmingur fallinn. Hinn 1. okt. var mest lauf fallið.

Hinn 22. sept. byrjaði lerkið í Guttormslundi að gulna, en lerki annars staðar um 1. október. Er þetta að sjálfsögðu nokkuð breytilegt eftir kvæmum. Ekki hefi ég skrifað hjá mér, hvenær Guttormslundur var orðinn barrlaus.

Mælingar á ársprotum hefi ég engar gert á þessu hausti, en greinileg eru allir ársprotar styttri nú en árið áður. Er þetta einkum áberandi á greni og furu, en nokkuð á yngra lerki líka. Þótt sumarið væri ekki kalt, var það sólarlítið, eins og sólmælingarnar sýna. Fjöldi vaxt-

areininga Morks reyndist hinn minnsti, síðan ég fól að athuga þá stærð.

Frostskemmdir munu engar hafa orðið í haust, þar sem næturfrost voru engin að kalla, fyrr en langt var liðið á haust.

Ryðsveppur var lítill í sumar á birki og lús einnig. Maðkur var líka vægur.

Fræ á birki var sáralítið og engu safnað að þessu sinni. Lítið fræ var einnig á broddfurunni í haust, en útlit fyrir mjög mikið fræfall áf henni 1962.

### 3. Starfsmenn og verkafólk.

Tafla II sýnir fjölda fólks í vinnu í hverjum mánuði og kaupgreiðslur. Eins og í fyrra nær þó taflan ekki til iðnaðarmanna, sem unnu við smíði skógarvarðarbústaðar. Í vinnustundafjöldanum er ekki með tími, unninn í ákvæðisvinnu. En greiðslur fyrir ákvæðisvinnu eru færar í sérstakan dálk.

Fólki, sem búsett er í Vallahreppi, var árið 1961 greitt kaup að upphæð kr. 387.000, og að viðbættu kaupi Páls Guttormssonar tæplega kr. 446.000, eða aðeins minna en 1960.

Tafla II. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1961.

Mánuður	Fjöldi	Vinnustundir	Kaup kr.	Ákvæðisv. kr.
Janúar	5	694	15.581,57	-
Febrúar	5	716	15.743,55	-
Marz	5	918	20.124,68	-
Apríl	7	884	19.380,96	-
Maí	31	4.377	78.950,00	6.367,50
Júní	37	6.361	112.136,75	36.889,90
Júlí	39	4.813	101.971,61	728,75
Ágúst	27	5.170	115.306,10	3.550,20
September	20	2.655	56.458,98	6.516,75
Október	6	952	19.179,83	1.687,50
Nóvember	4	460	12.243,49	-
Desember	3	291	7.139,64	-
<b>Alls</b>		<b>28.291</b>	<b>574.217,16</b>	<b>55.740,60</b>
			<b>629.957,76</b>	

Páll Guttormsson hafði umsjón með öllum venjulegum verkum í græðireit, vann auk þess 3 fyrtsu mánuði ársins við skógarhögg, einkum grisjun í plöntuteigum. Einnig vann hann að mestu við skógarhögg í desember.

Skógarvörður hafði að vanda umsjón með verkum utan græðireits og með nýframkvæmdum í Mörkinni. Ennfremur var hann mikið við afgreiðslu á plöntum í maí og júní.

Gunnar Eypórsson úr Reykjavík hafði umsjón með uppsetningu girðingarinnar í Jörvík, eins og síðar mun greint.

Sigurður Þórólfsson, okkar gamli kunningi úr Mörkinni, vann á skrifstofu frá því fyrri hluta maí og þar til seint í ágúst. Sá hann alveg um kaupútreikning, útborganir og færslu á reikningum til skógræktarinnar í Reykjavík og ýmsa aðra skriffinnsku, sem gera þurfti. - Óþarft er að lýsa því, hvílíkur léttir var að því að hafa mann alveg á skrifstofunni.

## II. Girðinga framkvæmdir.

-----

### 1. Vöhdald.

Til venjulegs girðingaviðhalds fóru á árinu um 6.700 kr. Þurfti að dytta talsvert að gömlu girðingunni innan við skóginn og lengja nokkuð grindur í Sólheimahliðinu. Þá skeði það óhapp um júlísamkomuna í Atlavík, að ekið var á annan stöpulinn í hliðinu gamla við Hafursá og hann brotinn. Varð því að ganga frá nýjum stölpum í því hliði. Var það þó nokkurt verk.

Á þennan lið er að vanda færður kostnaður við smölun í skóginum. Nú fór óvenjulega mikill tími í það, því að heita má ógerlegt lengur að hafa ekki pípuhlið við Sólheima, svo oft sem það hlið er skilið eftir opið. Er þetta eitt brýnasta verkefni í vörzlu á sumri komanda.

### 2. Hádegisfjall.

Í júnímánuði var lokið við að setja upp nýju girðinguna í Hádegisfjalli. Kostaði verkið 4.200 kr.

Hinn 25. október kom hér stórrigning með feikna vatnavöxtum. Hljóp þá skriða úr Hádegisfjalli ofan við svonefnda Háubala. Sópaði skriðan burt nýju girðingunni á 50 m löngum spotta. Garðurinn undir er samt óskemmdur, svo að tjón er ei tilfinnanlegt af þessu slysi.

### 3. Jórvíkurgirðing.

Hinn 17. júlí hófst að nýju vinna við Jórvíkurgirðingu og lauk 26. ágúst. Verkinu stýrði Gunnar Eypórsson af miklum dugnaði og áhuga, enda má segja, að tekið hafi að ljúka því á mjög skömmum tíma, jafnmiklu verki. Við girðinguna unnu 6-9 menn, flestir úr Breiðdal að jafnaði. Auk þess vorum við svo heppnir að ná í Auðólf Gunnarsson úr Reykjavík í hálfan mánuð, og var það ágætur liðsauki.

Helzta óhapp okkar í sambandi við verkið var það, að jarðýtan komst ekki nógu snemma suður í undirhleðslu. Þessu olli tímafrekari viðgerð en okkur óraði fyrir, áður en ýtan fór suður. Skal nánar að því vikið í kaflanum um jarðýtuna.

Hefði ýtan komið hálfum mánuði fyrr, hefði það bæði flýtt verkinu eitthvað og þó sérstaklega gert að verkum, að girðingin hefði orðið verulega betri en hún er á kafla uppi í fjallinu. En þar mun hún þurfa talsverðrar lagfæringar við á næsta sumri.

Girðingin var nú stækkuð að mun frá því, sem upphaflega var ætlað. Umlykur hún nú allt nýtanlegt land Jórvíkur ofan hins nýja þjóðveggar. Viðbóttin liggur þannig, að ótrúlega litlu þurfti að bæta við girðinguna, til þess að fá það mjög stórt landssvæði með.

Skulu nú færðar tölur yfir girðinguna:

Lengd 8,2 km.

Horn 38.

Hlið 3 (2 gönguhlið, 1 bílahlið)

Sig 183.

Tréstaumar 504.

Stálstaumar 381.

Styttur 1.846.

Vírnet 82.

Gaddavírur 110.

Kostnaður 1961 varð alls 127.500 kr., að frádregnu erlendu efni og hliðum, sem smíðuð voru hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Ef tréstaumar og styttur eru dregin frá, er eftir 115.900, sem telst vinna. Sá liður var áætlaður 120.000 kr., svo að hann hefir staðizt bærilega.

Hér á eftir er ~~XXXXXX~~ heildarkostnaður við girðinguna sundurliðaður nokkuð, einnig á bæði árin, sem vinnan stóð, 1960 og 1961:

Tegund kostnaðar	1960 kr.	1961 kr.	Alls kr.
Vinna, akstur, útgerð .....	24.151,63	88.343,89	112.495,52
Vinna jarðýtu .....	-	14.575,00	14.575,00
Vinna traktora .....	3.300,00	2.376,00	5.676,00
Flutningar (incl. jarðýtu)	613,00	10.605,00	<u>11.218,00</u>
Alls kostnaður + efni .....	-	-	143.964,52
Tréstaumar og stytur .....	-	-	<u>11.626,00</u>
Bókfærður kostnaður hér ...	-	-	<u>155.590,52</u>

Kostnaður að frádregnu efni er þannig um kr. 144.000 - eða kr. 17.500 á km.

#### 4. Eiðagirðing.

Að þessu sinni var haldið áfram að endurgirða Eiðagirðinguna frá suðurhorni og út að Eiðalæk, niður með læknum og að túni.

Var nú girðingin flutt alveg upp að þjóðvegi, svo að allstór ný spilda bættist við landið meðfram þjóðveginum innan við Eiðalæk. Er lengd þessa spotta um 1.100 m. Verkið var unnið í lok september og í byrjun október. Unnu það piltar okkar hér á Hallormsstað undir forystu Baldurs og Braga Jónssona.

Eg lagði höfuðáherzlu á, að þessi girðing yrði svo vönduð og útlitsgóð sem frækast væri kostur, þar sem þetta er fast við þjóðbraut heim að einum helzta stað Austurlands. Enda er þetta bezt unna girðing að útliti, sem gerð hefir verið hér eystra til þessa, að öðrum ólöstuðum, og vönduð eftir því.

Við færslu girðingarinnar að þjóðvegi, þurfti að hlaða mun meira undir en ella, og fyrir því varð ýtuvinna nokkuð dýr. Raunar áttur miklar rigningar sinn þátt í því líka.

Bókfærður kostnaður hér heima varð alls kr. 26.353,29, sem sundurliðast svo:

Vinna og akstur .....	kr. 13.482,39.
Vinna jarðýtu .....	" 5.355,00
Flutningar (mest á jarðýtu) ....	" 2.602,90
Erlent efni .....	" 1.587,00
Tréstaumar og stytur (lerki) ..	" 3.326,00

Kostnaður að frádregnu efni varð þannig kr. 21.440,29, eða kr. 19.500 á km.

Fleira var ekki unnið við girðingar, þótt margt væri ógert, sem slæmt var að láta dragast, t.d. Markargirðingu og pípuhliðið gamla við Hafursá. Og 11.000 kr. minna var varið til þess, sem flókast undir viðhald, en áætlað var. Má nú alls ekki dragast lengur að taka Markargirðingunni tak.

#### III. S k ó g a r h ö g g .

-----

Meira var unnið við högg á árinu en lengi undanfarið. Utgjöld á skógarhöggssreikningi eru færð rúmlega 155.000 kr. - eða tæplega 50.000 kr. hærri en árið áður. En þess verður að geta, að nú voru traktor í fyrsta sinn reiknaðar tekjur við skógarhöggið (fyrir sögun og staupraflutninga).

Þótti þessi kostnaður hóflega metinn 5.000 kr.

Tekjur á skógarhöggsreikningi voru færðar um 95.000 kr. - eða 25.000 kr. hærri en árið áður.

Skógarhöggstaflan sýnir ofurlitla aukningu á högginu frá því árið á undan. En raunverulega féll langtum meiri viður en þá, því að geysimikið magn liggur enn í köstum, bæði í Vörðuhrauni og Hólum. Vannst aldrei tími til þess að taka úr þeim viði girðingarstaura, hvað þá aka honum úr skóginum til eldsneytis. Höfum við því misst þar mikil verðmæti í staurum. Ef nóg hefði verið tilbúið efnað niður þegar í vor, hefði verið hægt að selja mikið stauramagn til viðbótar. Þegar komið var fram á haust, fannst mér ekki taka því að fara að saga staura úr hinum gamla viði, þar sem mikið högg er áformað í vetur. - Annars var nú felldur smærri og kræklóttari ~~XXXXXX~~ skógur en oft áður, svo að stauratekja varð tiltölulega minni.

Eftir áramótin var selt dálítið magn af eldiviði hér í nágrennið. Er það sama fyrirbærið og kom í ljós eftir gengislækkunina 1950. Ennfremur afgreiddum við fyrir jólin 5 tonn af arinviði til Reykjavíkur, og meiri sala áformuð þangað eftir áramótin.

Í janúar var breikkuð gatan, sem háspennulínan liggur eftir. Gerði Rarik kröfu til þess að hafa götuna 10 m breiða - og má þar aðeins vaxa 3 m hár gróður.

Vinna í skóginum hófst strax eftir áramót og stóð óslitið fram í maí. Féll aldrei niður vinna þennan tíma vegna óveðurs eða illrar færðar, og er slíkt einsdæmi. Var mest höggvið í Vörðuhrauni og utan Atlavíkurlækjar, bæði niðri við Víkina sjálfa og upp undir Selveg. Ennfremur var höggvið nokkuð ofan af eldri plöntuteigum í Innskóginum.

Seint í apríl og byrjun maí var höggvið ofan af allstöru grenisvæði í Lýsishól, þar sem alltof þéttur skermur var.

Í júlí hófst grisjun fyrir gróðursetningu í Hólunum framanverðum. Sóttist það verk ótrúlega seint, enda þótt smáki væri lítill, því að þetta var í gömlu kúagirðingu húsmæðraskólans. Sakir þess að fellt var með laufi á trjánnum, þurfti að bera burt lim af flötunum að mestu og brenna það. Reyndist þetta ótrúlega mikið verk. Hefði eflaust borgað sig betur, að greiða miklu herra verð á plöntu í ákvæðisvinnu, heldur en hreinsa svæðin á þennan hátt og greiða lágsta plöntunartaxta. Þessi reynsla kemur heim við reynslu okkar af líku verki í Eyjólfsstaðaskógi sumarið 1959.

Það var ekki fyrr en um miðjan september, að svæðin í Hólunum voru tilbúin til gróðursetningar.

Í maí og júní var unnið allmikið við að tína út úr grisjuðu svæðunum á undan gróðursetningu.

Það skal framtekið, að færð voru á skógarhöggsreikning allveruleg útgjöld, sem tilheyra því, sem kalla mætti "viðhald plöntuteiga": Hreinsun á teinungi í plöntuteigum. Var þetta gert með Jo-Bu-kjarrsöginni, sem reyndist afbragðsgott verkfæri og hefir nú alveg gert skógarklippur úrelt tæki. Ennfremur má ~~XXXXXX~~ segja, að talsvert af vinnunni í Hólunum tilheyri beinlínis gróðursetningu. A.m.k. öll limhreinsunin. En ég hélt þessu ekki ~~XXXXXXXXXXXX~~ sérskildu og fæði allt á skógarhögg.

Enn var nokkuð grisjað af lerki í Gúttorms- og Atlavíkurlundum. Kemur æ betur í ljós, að ég hefi grisjað þar alltof vægt á undanfórnum árum. Þar mun enn þurfa að grisja talsvert fyrir vorið.

Ofurlítið var selt af furugreinum og jólatrjám fyrir jólin - eða fyrir um 3.000 kr.

Alls varð sála viðarafurða um 15.000 kr. hærri en í fyrra. Skiptir þar mestu hin aukna sala á eldiviði. En ég endurtek, að ef nægar birgðir hefðu verið til af girðingarstaurum, hefði salan orðið hver veit hvað meiri.

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1961.

	B i r k i						L e r k i						
	BII stk.	BIII stk.	BIV stk.	Styttur stk.	Eldiv. tonn	Efniv. tonn	Krónur	BII stk.	BIII stk.	BIV stk.	Styttur stk.	Annað stk.	Krónur
Sala 1961	2.829	1.160	390	1.691	33,40	1,83	57.740,00	128	108	-	90	53	5.445,00
S.r., Hall.	504	-	50	1.846	35,00	-	11.926,00	94	-	-	241	40	4.611,00
Jarðireinst.	-	-	-	120	-	-	480,00	-	-	-	-	10	250,00
Rýrnun b.	-	-	600	200	-	-	3.200,00	-	-	-	-	-	-
Birgðir	100	390	560	120	-	2,17	11.180,00	119	242	223	100	-	8.840,00
Alls	3.433	1.550	1.600	3.977	68,40	4,00	84.526,00	341	350	223	431	103	19.146,00
* b. 1960	100	488	1.290	2.115	-	4,00	25.224,25	106	246	131	388	-	8.094,00
Högg 1961	3.333	1.062	310	1.862	68,40	-	59.301,75	235	104	92	43	103	11.052,00
Tonn	22,2	4,3	1,1	3,7	68,40	-	99,7	1,8	0,4	0,3	0,1	2,0	4,6

Högg 1961 alls 104,3 tonn. Staurar alls (birki og lerki) 5.136 stk.

Verðmæti alls (aðfrádræginni

Styttur " " " " 1.905 "

heimanotkun eldiviðar

kr. 70.353,75.



#### IV. Græðireitur.

-----

##### 1. Fjárfesting í græðireitnum.

Nýrækt. Áformað hafði verið að ljúka við nýju spilduna í Efstareit. En tíminn hljóp frá okkur með þetta, svo að verkinu varð ekki lokið. Enda var þetta ekki eins mikið kappsmál, eftir að ákveðið var að minnka hér dreifsetningu um helming.

Grafin voru 4 ný lokræsi, alls 160 m á lengd. Voru þau fyllt með grófri Fljótsmöl. Þá voru tíndar rætur úr spildunni og búið var að aka 28 bíhlössum af sandi, en um 70 hlöss þarf alls. Kostnaður við þetta varð alls 14.600 kr.

Skjólbelti. Gerð voru 2 viðjubelti eftir Efstareitnum endilöngum. Það kostaði um 2.000 kr.

Margt fleira var áformað að gera, sem heyrir undir liðinn "jarðvinnsla", einkum að ljúka ýmsum lagfæringum á reitunum og vegakerfi. En tími vannst ekki til þess í sumar og haust, því að önnur brýnni störf urðu að sitja fyrir. Vantaði því um 20.000 kr. á, að unnið væri upp í áætlun við þennan lið.

Jarðhús. Að mestu varð lokið við jarðhúsið, sem byrjað var á í fyrra haust. Að vísu var eftir að smíða útihurð og ganga til fulls frá þaki. Um 20.000 plöntur voru settar í húsið hinn 20. maí og geymdar þar fram undir mánaðamót. Ís í húsið var fenginn frá íshúsi á Eskifirði (4 tonn). Kostaði hann um 900 kr. og flutningur annað eins. Plöntunum var raðað í hillurnar eftir endilöngu húsinu, rætur látnar snúa saman og þunnt mosalag lagt ofan á ræturnar í hverju búntalagi. Ekki bar á myglu til baga í plöntunum, en ~~KKK~~ ræturnar voru orðnar talsvert þurrar, þegar plönturnar voru teknar úr geymslunni, svo að við þorðum ekki annað en velta þeim uppúr moldarvellungi, um leið og þær voru látnar í pakkana. Ekki er þetta þó fyllilega að marka, því að kuldi var ekki nægur í geymslunni undir það síðasta, af því að útihuð með einangrun vantaði, ennfremur var ekki búið að útbúa loftræstingu í húsið.

Kostnaður varð um 23.400 kr., þar af timbur, stoðir og þakpappi um 12.500 kr.

##### 2. Fræplöntur.

Á s.l. vori var tekin upp ný sundurliðun á kostnaði í græðireitunum, þar sem ekki reyndist með gömlu sundurliðuninni auðvelt að komast að raunverulegu framleiðsluverði plantnanna.

Því miður tókst svo illa til hér, að fyrir mistök var vinnan í maí ekki sundurliðuð rétt á vinnuseðla. Er ástæðulaust að fjölyrða frekar um það hér. En úr því sem komið var, þótti okkur rétt að færa vinnuna áfram um sumarið á ~~KKK~~ samam hátt og gert var í maí.

Af þessum sökum verða ekki réttar niðurstöður að þessu sinni á liðunum: Fræplöntur, dreifplöntur og plöntuafhending og garðplöntur og græðlingar. Verður hér því farið fljótar yfir sögu en ella hefði orðið um þessa liði.

-----

Alls voru afgreiddar úr stöðinni 574.150 dreifplöntur. Í fyrra voru taldar fram 800.700, sem verða myndu til afhendingar. Af þessari tölu eru 105.000 taldar í ár til dreifsetningar næsta ár (stöðu yfir). Vantar þá um 120.000 pl. upp á hina áætluðu tölu frá í fyrra. Liggur mismunurinn að mestu í því, að sorterað var úr meira en ella, þar sem nóg var til af plöntum. Þannig var t. d. kastað úr þeim plöntum, sem fóru í Tumastaði, 52.000 frá því, sem talið hafði verið fram. Af Evrópulerkinu var kastað hér sem svaraði 31.000 pl. frá áætlun, ennfremur af birki um 10.000.

Hefir þá verið gerð nokkur grein fyrir mismuninum.

Kostnaður við fræplöntur var tæpl. 23.000 kr. Er eðlilegast að reikan þann kostnað á m<sup>2</sup> í fræbeðum af árgöngunum 1/0 og 2/0 - og 3/0, ef um það er að ræða. Ætti þá að fást haldgott einingarverð. Hér verða stærstu liðirnar að sjálfsögðu sjálf sáningin og vökvun. Ennfremur munu áburður og vetrarumbúnaður nema nokkru. Hér yrðu skv. ofangreindu 1.600 m<sup>2</sup>, er jafna ætti á kostnaðinum.

Um sáninguna er það að segja, að hún tókst vel. Nú var sáð heldur fyrr en undanfarin ár og sáningin var örugglega gisnari, svo að vænta má kröftugri dreifplantna en venjulega vorið 1963.

Í rauðgrenisáingunni urðu þó dálítill skakkaföll, þar sem smáfuglar tíndu talsvert af fræinu, en það var ómenjað.

2/0-plönturnar tóku verulegum framförum seinni hluta ágúst og eru litlu síðri en dreifplöntur hafa verið hér undanfarin ár.

### 3. Dreifplöntur.

Dreifsett var 60.000 pl. fleira en áformað var - eða 410.350 pl. alls í 3.240 m<sup>2</sup>, en í fyrra í 2.540 m<sup>2</sup>. Munar það réttum 700 m<sup>2</sup>. Í ákvæðisvinnu voru settar 368.850 pl. - eða um 90%. Er það miklu herra hlutfall en nokkru sinni fyrr hér. Afköst í dreifsetningunni voru einnig miklu jafnbetri en fyrr. Sigríður Sigurbjörnsdóttir frá Hafursá bætti enn sitt fyrra met og komst nú í 12.360 plöntur á 9 klst. Gerir það um 1.375 pl. á klst. til jafnaðar. Þetta var með plöntubíli í rás 3,5 cm. Á því bíli var Sigríður alltaf með 9-11 þús. plöntur á dag.

Þegar má fullyrða, að vanhöld frá dreifsetningu verði sáralítill, nema á stafafuru, sem dreifsett var í ágúst. Um hana vil ég ekkert segja að svo stöddu.

### 4. Garðplöntur og græðlingar.

Nú var þetta tekið upp sem sérstakur liður, enda sjálfsagt að blanda því ei saman við skógarplönturnar. Kostnaður er færður tæplega 14.000 kr. á þennan lið. En seldar voru á árinu garðplöntur fyrir um 25.500 kr. Er þá ekki kominn hér með kostnaður við upptöku og afhendingu, sem satt að segja er furðumikill, þegar um garðplöntusendingar er að ræða. Er því sýnilegt, að enginn stórhagnaður er á þessari starfsemi, verður frekar að teljast þjónusta. Þó má auðvitað ekki leggja alltof mikið upp úr útkomunni fyrsta árið, sem þetta er fært sér. Og vafalaust má bæta þennan þátt græðireitsstarfseminnar verulega, ef honum er sinnt vel. Höfuðatriði hlýtur að vera að eiga ávalt nóg til af algengustu garðplöntum og nógu stórar. S.l. vor brast mjög á þetta hjá okkur. Við áttum t.d. sáralítið af nothæfu sitkagreni í garða og ekki nóg af stórri Alaskaösp. Oft hefir okkur vantað algengustu tegundir.

-----

Þeir þrír liðir, sem nú voru taldir, kostuðu alls um 117.700 kr. Þeir koma í stað eftirtalinna liða í starfsáætlun: Jarðvinnsla (venjuleg), sáning, dreifsetning, vökvun, áburður, vetrarumbúnaður. Þessir liðir voru áætlaðir á 110.000 kr. alls. Hefir því verið farið fram úr þeim um 7.700 kr. En það samsvarar að heita má alveg hinum aukna fjölda í dreifsetningu (60.000 pl.) frá áætlun.

Þetta verður að teljast góður árangur, þegar þess er gætt, að taxti í dreifsetningu hækkaði að meðaltali um 20% og kaup almennt um 10% frá 1. júlí.

### 5. Hreinsun.

Í hreinsun var reynt allylalkóhól í fræbeðum. Mjög illa gekk að úða

því, en líklega hefir einhver árangur orðið. Ekki var hann samt eins góður og þegar tíðað var yfir fræbeðin með White Spirit, sem einnig er mörgum sinnum auðveldara.

Annars var nú aðallega notað zimazin við kemíska hreinsun, ennfremur 153 l af White Spirit. - Stúlkum var fækkað um eina frá árinu áður yfir sumarið, seinni hluta. Voru þær nú 5 frá 16. júlí. Tókst alveg að hafa hemil á illgresinu með þessu liði.

Kostnaður við hreinsunina varð 37.600 kr., en áætlaður 40.000.

## 6. Plöntuafending.

Vegna mistaka þeirra á sundurliðun vinnu, sem áður var á minnzt, var vinna við plöntuafendingu nú færð alveg eins og áður, en ætlunin hafði verið að láta upptöku plantna falla á dreifplöntur. Hér er því hægt að gera samanburð við undanfarin ár.

Afhentar ~~XXX~~ voru 303.295 plöntur - eða um 100 þús. færri en áætlað var. Var þetta einfaldlega vegna þess, að meira seldist ekki. Olli reyndar mestu, hve plöntunin á Hallormsstað varð minni en áætlað var. Af þessum sökum var líka eitthvað meiru kastað en verið hefði í plöntuskorti.

Kostnaður varð nú mun lægri en árið áður: Brúttó 60.250 kr. Af þessu var vinnukostnaður 53.000 kr. (hitt flutningur, sem kaupendur greiddu, ís í plöntukæli og flutningur á honum, umbúðir o. fl.). Reikna má með, að kostnaður við að afgreiða dreifplöntur til annarra stöðva hafi numið 4.000 kr. Er þá vinnu kostnaður við plöntuafendinguna 49.000 kr. - eða 16,2 aurar á plöntu, sem er næstum 8 aurum minna en í fyrra. Þessi mikli munur þarfnast skýringa, en satt að segja vefst manni tunga um tönn. Þó vil ég nefna tvö atriði:

1. Nú var plöntum ekki slegið niður í beðum eftir upptöku, heldur hlaðið í hrauka, eins og tíðkæzt hefir á Vöglum og kannski víðar. Það duldist engum, sem vanir voru gömlu aðferðinni, að þessi var langtum fljótlegrí.

2. Undanfarin ár hefir vinna þeirra pílta, sem aka plöntunum út í skóg til plöntunarmanna, einatt verið færð á plöntuafendingu. Nú var hún færð á gróðursetningu, þar sem hún á vissulega heima. Er hugsanlegt, að þetta geti munað einum 2.000 kr., en vart meiru.

Annars var mest sama fólk við plöntuafgreiðslu og undanfarin ár. Auðvitað má ætla, að þetta fólk þjálfist - og það gerir það örugglega - og getur þetta vissulega gert nokkurn mun.

Söluplöntur vorið 1962 verða nú fleiri en nokkru sinni fyrr, eða 470.000 áætlaðar. Ber allt að sama brunni, að það eru minnkuð vanhöld frá dreifsetningu, sem mestu valda um þetta. Stuðla að því þau atriði, sem rætt var um á þessum stað í ársskýrslu fyrir 1960.

## 7. Lokaorð.

Reksturskostnaður græðireitsins var áætlaður 394.000 kr, en varð bókfærður hér heima um 359.500 kr. nettó, eða 34.500 kr. undir áætlun. Hér hafa þá 7.000 kr. verið færðar á skóglendi af traktor, en það hefir ekki áður verið gert. Hins vegar kemur allt kaup Sigurðar Þórólfsssonar skrifstofumans hér á annan kostnað í græðireit - um 18.000 kr.. En þessi liður var alls ekki á áætluninni fyrir 1961. Þar var reyndar ekki heldur gert ráð fyrir, að færa hluta af kostnaði traktors á skóglendi. Ef tekið er tillit til þessa, verður útkoman, miðað við áætlunina, kr. 348.500. Sýnir þetta, að þótt afgreidd hefði verið full tala söluplantna, hefði áætlunin samt staðizt. Er þetta góð sönnu þess, að áætlanirnar eru nú loksins orðnar raunhæfar.

Loks skal hér drepið á það, að útgjaldaliðina "ráðskona og verkstjórn", "ljós og hiti" og "annar kostnaður" ætti skóglendið líka að bera, ef ætl-

unin er að finna raunverulegan framleiðslukostnað plantnanna.

Erfitt er að segja, að hve miklu leyti. En eins og aðstæður eru hér á Hallormsstað, teldi ég eðlilegt að skipta þessum liðum til helminga á græðireit og skóglendi, og er málið þá ekki gert mjög flókið. Sama má segja um verkfæri, a.m.k. þegar búið verður að koma upp hér litlu viðgerðaverkstæði, sem nú telst eitt af brýnustu verkefnum. - Hitt getur svo verið dálítið erfiðara að skipta þessum útgjöldum innbyrðis hjá græðireit og skóglendi. En nauðsynlegt er að komast að niðurstöðu um það. Plöntuverðið er svo mikill liður í þeirri ræktun, sem við köllum skógrækt, að það er höfuðnauðsyn að komast að raunverulegu verði.

## V. Gróðursetning.

-----

Aformað hafði verið að gróðursetja á Hallormsstað 121.100 plöntur. En svo sem tafla IV sýnir, nam gróðursetningin í reynd aðeins 68.256 plöntum. Ástæðan til þess, að ei komst í jörð meira af plöntum en þetta, var sú, að ekki tókst að grisja fyrir fleiri plöntum.

Til gróðursetningar voru 183.300 kr. ætlaðar, en bókfærður kostnaður nam tæplega 48.100 kr. Ekki er þó hægt að bera þessar tölur saman, því að í hinni áætluðu upphæð var allmikill grisjunarkostnaður tekinn með. Mun hafa verið áætlað kr. 1,50 á plöntu með grisjun. En eins og fyrr var skrifað, var allur grisjunarkostnaður færður á skógarhögg. Ef lagðir eru saman gjaldaliðirnir skógarhögg og gróðursetning og dregnar frá tekjur á skógarhöggsreikningi, koma út 108.300 kr., sem segja má, að séu þein útgjöld til gróðursetningar (og raunar líka viðhalds plöntuteiga, eins og fyrr var ritað). Hefir þannig verið varið til hennar 75.000 kr. minna en áætlað var.

Beinn gróðursetningarkostnaður varð 70,5 aurar á plöntu, og er það lækkun um 15,5 auru frá árinu áður. Enda lækkaði ákvæðistaxtinn að mun. Raunin varð samt sú, að taxtinn ~~XXXXXX~~ var of lágur, þar sem land var ~~XXXX~~ verst yfirferðar (þykkt lag af limi og mikið af stubbum). Í samráði við Hauk Ragnarsson var talið óhjákvæmilegt að hækka taxtann um 10 auru, þar sem land var ógreiddast, en það var um mikinn hluta Vörðuhraunsins. Sýnir reynslan ótvírætt, að það verður að flokka gróðursetningarland í 2-3 flokka eftir greiddfærni og hafa eftir því misjafna taxa. Annað er fullkomið ranglæti gagnvart gróðursetningarmönnum, og skógræktinni sízt til heilla. Í þessu sambandi má minna á grein um þetta í Norsk Skogbruk s.1. sumar.

Gróðursetning hófst 15. maí og var gróðursett með litlum hvíldum til júniloka. Þó varð stundum að taka alla piltana í plöntupökkun, þegar mest lá á. Var það auðvitað ákaflega bagalegt. Fyrir bragðið urðum við of seinir með talsvert af lerkinu. Að vísu tókst að komast hjá miklum lerkidaða með því að velta rötum úr moldarleðju.

Í ágúst var nokkuð sett af rauðgreni í raflínugöngin í Hólunum og um miðjan september var gróðursett í nýhöggnum svæðin í Framhólunum.

Loks var tæplega 2.500 dahúríulerki gróðursett í Vörðuhrauni síðustu dagana í október. Það fer ekki milli mála, að haustið eftir nálafall er langheppilegasti tími til lerkigróðursetningar.

## VI. Byggingar.

-----

### 1. Viðhald.

Í þessu efni var ekki unnið eins mikið og skyldi. Einkum var bagalegt, að verkafólksbústaðurinn var ekki málaður utan, eins og lengi hefir staðið til. Eg hafði hugsað mér að gera þetta sjálfur, en tími vannst aldrei til

Tafla IV. Gróðursetning á Hallormsstað árið 1961.

Tegundir og kvæmi	Atlavík	Vörðuhraun	Krök-lækur	Mörkin	Langi-sandur íbót	Partur miður íbót	Myllu-hvammur	Hólar	Alls
Dahrfíulkerki 2/2, Ókunnugt		2.460	-	-	-	-	-	-	2.460
"-" 2/3, Aldan		9.275	-	-	-	-	-	-	9.275
Rússalerki 2/2, Ark.norðav.	5.550	4.495	-	-	-	-	-	-	10.045
"-" 2/2, Onéga	-	4.050	-	-	-	-	-	-	4.050
"-" 2/3, Yarensk	-	-	175	-	-	-	-	-	175
"-" 2/4, Karpinsk	-	-	250	-	-	-	-	-	250
"-" 2/2/2, "-"	-	-	-	-	-	200	-	-	200
Síberíulkerki 2/3, Sverdlovsk	-	-	350	-	-	-	-	-	350
"-" 2/2/2, Askiz	-	830	180	-	550	-	2.600	-	4.160
"-" 2/4, Chebalinsky	-	-	375	-	-	-	-	-	375
"-" 2/2/2, "-"	-	-	-	-	-	275	-	-	275
Asperatagreni 2/3, Hörsholm	460	-	-	-	-	-	-	-	460
Omorícagreni, Pýzkaland	-	520	-	-	-	-	-	-	520
Rauðgreni 2/3, Ivdél .....	-	3.700	300	-	-	-	-	5.500	9.500
"-" 2/3, N.-Helgeland	4.700	9.325	-	-	-	-	-	9.725	23.750
Hvítþinur 2/3, Sapinero	-	2.325	-	-	-	-	-	-	2.325
Broddfura 3/4, Fairplay	-	-	-	86	-	-	-	-	86
Alls	10.710	36.980	1.630	86	550	475	2.600	15.225	68.256

Flatarmál gróðursetningar 1961:

I Innskóginum	12,7 ha.
I Hólunum	3,0 "
I Partinum	0,5 "
<b>Alls</b>	<b>16,2 ha.</b>

Hér er ekki meðtalið flatarmál þess, sem bætt var í eldri gróðursetningar.

þess. En nú má þetta alls ekki dragast lengur en til vorsins.

Hins vegar málaði ég dálítið inni, eins og að undanförunu, þótt minna væri en æskilegt. En dálítið er til af málningu.

Þá var keyptur gólfdukur til þess að setja í eldhús og herbergi ráðskonu, en var ekki lagður. Ýmislegt fleira smávegis var gert til viðhalds, sem ei er ástæða til að rekja.

Kostnaður við viðhald fasteigna varð 6.700 kr.

Hér er rúm til að geta þess, að í haust var loks lagður sími í Mörkina, eins og lengi hefir ~~VAX~~ staðið til. Er það til mikils léttis að hafa fengi símann þangað. Kostaði stofngjaldið 2.400 kr. og var fært á símakostnað.

## 2. Skógarvarðarbústaður.

Í janúarlokvar aftur tekið til við smíði skógarvarðarbústaðar, lá hún síðan niðri í marz, en var haldið áfram í apríl (mest málningarvinna), maí og fram til 9. júní, er smiðir fóru. Varð þetta meira en helmingi lengri tími en smiðir höfðu gefið mér vonir um, er þeir fóru í jólafrí, enda varð kostnaðurinn að sama skapi meiri. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að málarinn, Jón Ingólfsson málarameistari úr Reykjavík, gerði fullkomlega raunhæfa áætlun um verk sitt. Hú reyndist hárnákvæm, bæði um tíma og kostnað, enda þótt verkið væri ekki unnið í ákvæðisvinnu. Enda reyndist Jón úrvals fagmaður.

Ekki er samt öllu lokið við húsið. Hið helzta, sem eftir er, er þetta:

Leggja gólf í eitt herbergi og gangstúf í kjallara. Kústa innan geymslu í kjallara, leggja í gólf og hólfa hana sundur. Kústa innan kyndiklefa og leggja í gólf. Ljúka 2-3 skápum. Útbúa hillur í þvottahús og skrifstofu. Mála steinveggi utanhúss og mála eina til tvær umferðir á glugga utan. Eitthvað fleira smávegis kann að tínast til.

Efni er til í þetta að mestu. Að svo stöddu veit ég ekki, hve mikið verk má áætla þetta.

Kostnaður, sem færður hefir verið hér heima á árinu, nam rúmlega 208.000 kr., en selt hefir verið efni fyrir um 28.000 kr., svo að nettó-kostnaður hér heima er 180.000 kr., sem er meira en helmingi herra en ég lét mér detta íhug um þetta leyti í fyrra.

Hinn 11. júní fluttum við inn í húsið. Líkaði okkur vistin strax frá upphafi framúrskarandi vel og hefir ánægjan við að búa í húsinu fremur auk-  
izt en minnkað, því lengra sem leið. Hefir því smátt og smátt fyrnzt yfir allt það stríð og mæðu, sem bygging þessa húss hefir haft í för með sér.

Mér urðu þegar 1958 á þau mistök að gera ekki neina sundurliðun á kostnaði við bygginguna. Fyrir því gerði ég það ekki heldur 1960 og 1961. Slíkt hefði auðvitað verið mjög fróðlegt og lærdómsríkt. En of seint er um að tala.

## 3. Verkfærageymsla.

Í síðustu ársskýrslu var sagt frá því, að skógræktin ætti kost á að kaupa verkfærageymslu og gamla rafstöðvarhús húsmæðraskólans. Eg gerði tilboð í húsið og bauð 40.000 kr. Húsmæðraskólinn gekk að því tilboði og var kaupsamningur undirritaður snemma í maí. Þar er svo um samið, að skólanum verði greidd fyrrnefnd upphæð á árinu 1962, en Skógrækt ríkisins teljist eigandi hússins frá samningsgerðardegi.

Þessi kaup eru fyrir okkur einstakt happ, eins og minnzt var á í síðustu ársskýrslu. Erum við þegar farnir að hreiðra þarna um okkur, en tími hefir ekki unnizt til að gera það svo sem skyldi.

## VII. J a r ð ý t a n.

-----

Gangtímar ýtunnar voru 480 árið 1961. Bókfærð útgjöld hér heima um 58.500 kr., en tekjur 53.100 kr. Voru vélinni reiknaðar 110 kr. á klst. í eigin vinnu. Auk þessara voru um 14.000 kr. greiddar í Reykjavík, þar af 8.400 kr. fyrir komplett tengsli, sem enn hafa ekki verið sett í vélina, þar eð hin gömlu hafa lagað.

Hinar nývöðgerðu spyrnur voru settar á beltin í júlí. Í sambandi við þá aðgerð kom í ljós - algerlega á óvænt - að framhjólaxlar, sem smíðaðir voru í Reykjavík 1959, voru orðnir mjög slitnir, svo að óhjákvæmilegt var að gera við þá. Reyndist sú viðgerð óskaplega dýr - eða um 10.000 kr., og er þó því miður aðeins til bráðabirgða. Það var þessi viðgerð, sem olli því, að ýtan komst ekki í tæka tíð suður í Jörvík.

Þá var toppstykki tekið af vélinni og ventlar slípaðir.

Engu skal spáð um viðhald 1962, en það verður ugglaut margt, sem þarf að gera við, ef að vanda lætur.

## VIII. V e g a g e r ð.

-----

Nú var tekin dálítil skorpa í vegagerðinni, unnið fyrir um 31.000 kr., en 20.000 voru á áætlun. Hefði þó sannarlega ekki veitt af að gera meira.

Ruddir voru nýir skógarvegir 4,6 km á lengd. Í Innskóginum, aðallega í Vörðuhrauni, 3.620 m, en í Framhólunum 980 m. Var þetta mestallt í sambandi við gróðursetningu ársins 1961, en dálítið unnið vegna gróðursetningar 1962. Og í Hólunum tókst að skilja svo við, að vegagerð þar 1962 verður tiltölulega lítil, miðað við landsstærð til gróðursetningar.

Í október var gerð heimreið að skógarvarðarbústað og bílastæði við húsið. Við þetta verk var 30 klst. ýtuvinna og nokkur aðkeyrsla á efni í fyllingar. En mestar þakkir fyrir þetta verk á Vegagerð ríkisins skildar, því að hún lét aka allri mól í veginn og bílastæðið okkur að kostnaðarlausu. Var einn bíll í þessu í næstum 2 daga. Taldi verkstjóri vegagerðarinnar, Helgi Gíslason, ~~þakka~~ okkur eiga þetta fyllilega hjá sér fyrir að leyfa alltaf malartekju ókeypis. Ennfremur af því, að við sýndum vegagerðinni lipurð í sambandi við vegagerð hér í skóginum í haust, en sú lipurð okkar sparaði þeim mikinn kostnað. - Ekki vannst tími til að ljúka allri snurfusun við heimreiðina og bílastæðið, og bíður það vorsins,

Vegagerð ríkisins hófst nú handa fyrir alvöru um vegagerð hér í Innskóginum. Voru smíðaðar rennur á þrjá læk: Króklæk, Jökullæk og Sellæk. Fyllt var að rennum þessum og þurfti miklar fyllingar við allar, en einkum þó Jökullækinn. Að þessu voru geysilegar samgöngubætur.

Verður nú þessu verki haldið áfram snemma vors 1962 og smíðaðar rennur á Atlavíkurlæk og Ljósa og í framhaldi af því lagður nýr vegur. Standa vonir til, að komast megi með nýja veginn langleiðina inn úr skóginum, áður en sumarferð hefst 1962.

## IX. F e r ð i r o g l e i ð b e i n i n g a r.

-----

Nokkru fleiri ferðalög voru farin en árið á undan. Í júlí fór ég talsvert um Fljótsdalshérað með Baldri Þorsteinssyni, sem dvaldist hér um hríð, til þess að athuga skóglendin með tilliti til hráefnisöflunar fyrir þilplötuverksmiðju.

Í ágúst og byrjun september fór ég nokkuð um Hérað með Snorra Sigurðssyni að skoða skógræktargirðingar. Einnig til Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar, Eskifjarðar, Norðfjarðar og Seyðisfjarðar. Sérstaklega fróðlegt var að koma á Stöðvarfjörð, sem lítur út fyrir að hafa óvenjulega

góð skilyrði til skógræktar.

Í september skoðaði ég skóglendi í Jökulsárhlíð.

Nokkrar ferðir fór ég til Jörvíkur og Eiða í sambandi við girðinga-verkið á þessum stöðum.

Í maí leiðbeindi ég skóla-fólki á Eiðum í gróðursetningu.

Loks voru hinar hefðbundnu ferðir á Eskifjörð og Reyðarfjörð í viðskiptaerindum og ýmsar styttri ferðir um Hérað.

## X. S i t t a f h v e r j u.

-----

Ferðafólk og gestir. Heldur var nú meiri ferðamannastraumur hingað en árið á undan. Að vanda var talsvert stúss við ferðafólkið, sem alltaf vill fá leiðbeiningar um skóginn.

Ég nefni eftirfarandi hópa og einstaklinga, sem sýnt var um í skóginum:

- 3. júní. Ch. D. Kohman og Erling Messelt frá Noregi í fylgd með Snorra Þigurðssyni. Dvöldust hér 2 nætur. Mikill fengur í heimsókn Kohmans, sem hafði mjög sérstæðar skoðanir um lerki og gott var að fá að heyra.
- 25. " Skógræktarfélag Fellahrepps, N.-Múl., í hópferð. 25 manns.
- 29. " Professor Holsö frá Chile í fylgd með Hauki Ragnarssyni. Dvöldu hér 2 nætur. Ákaflega jákvæð heimsókn, tvímæla-laust ein allra bezta, sem við höfum fengið hingað.
- 6. júlí. Þrír jarðfræðingar frá Austur-Þýzkalandi. Fararstjóri Harro Hess, Berlín.
- 8. " Hópferð Guðmundar Jónassonar. Margt útlendinga, m.a. svissneskur blaðamaður.
- 10. " Helgi Bergs verkfræðingur og nokkrir listamenn úr Reykjavík, sem hér skemmtu á samkomu daginn áður.
- 25. " Guðmundur Sveinsson skólastjóri á Bifröst og Guðlaug kona hans, ennfremur Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og Guðmundur Guðjónsson arkitekt.
- 30. júlí. Bandaríkjamaður einn og kona hans, hverra nöfn ég nam ekki. Kallinn meðlimur í The American Forestry Association.
- 15. ágúst. Gennadi Fisj, rússneskur rithöfundur og blaðamaður við Literaturnaja Gazeta í Moskvu.
- " " Rússneski ambassadorinn, Alexandrov, og ritari hans.
- 3. september. Hópur aldraðs fólks frá Eskifirði í boði sveitarstjórnarinnar þar. 40-50 manns.
- 9. sept. Alaskamennirnir Robinson og Scott í fylgd með Hauki Ragnarssyni. Dvöldu 2 nætur. Hinn 10. sept. fengu þeir hér eitthvert fegursta veður, er kom á öllu sumrinu.
- 21. " Aðalsteinn Eiríksson fjármálaeftirlitsmaður skóla.
- 6. nóv. Þórarinn Þórarinsson skólastjóri á Eiðum með 3. bekk skólans.
- 9. " Guðjón Guðmundsson forstjóri í Rarik, ásamt rafveitustjórunum Ingólfi Arnasyni, Akureyri, og Jóni Helgasyni, Egilsstöðum.

Sumarbúðir U.I.A. Vikuna 4.-10. júní gekkst Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands fyrir sumarþúðum barna og unglunga í Atlavík. Veittu þúðunum forstöðu skólastjórnarnir Kristján Ingólfsson á Eskifirði og Aðalsteinn Hallsson á Fáskrúðsfirði. 54 börn og unglingar sóttu þúðirnar víðsvegar af Austurlandi.

Liður í starfi þúðanna var kynning á skóginum hér og skógrækt almennt. Í framhaldi af því leiðbeindi ég hinu unga fólki í gróðursetningu.

Við brottförina afhenti ég hverjum þátttakanda í þúðunum að gjöf frá skógræktinni lítinn pakka með 5 sitkagreniplöntum í hverjum. Virtist fólk-



id kunna vel að meta gjöf þessa, og hefi ég raunar fengið staðfestingu á því síðar.

Rafmagn frá héraðsveitu. Hinn 19. janúar var hleypt stöðumi á hina nýju veitu, er Þarik hóf að leggja hingað í nóvember áður og skýrt var frá í síðustu ársskýrslu. Var þetta langþráður dagur og mikil dýrð.

Mjóanes. Kvöld eitt í júlímánuði kom til mín Stefán bóndi Eyjólfsson í Mjóanesi og skýrði mér frá þeirri ákvörðun sinni að afhenda Skógrækt ríkisins til eignar þann hluta jarðarinnar, er lægi milli Þjóðveggar og Lagarfljóts, að undantekinni túngirðingu, sem er í þessum hluta jarðarinnar. Kom þessi gleðilega og einstæða ákvörðun Stefáns mér algerlega á óvart.

Hinn 21. ágúst var svo fundur hans með okkur Hákonni Bjarnasyni skógræktarstjóra, þar sem gengið var frá þessu munnlega. - Þegar þetta er ritað, veit ég ekki, hvernig Stefán snýst við, ef ekki er hægt að fullnægja eina skilyrði hans fyrir gjöfinni að girða landið þegar árið 1962.

Enn hefir ekki verið gengið frá landamerkjum eða gjafabréf undirritað, en mun væntanlega verða gert nú mjög fljótlega. Er þetta verður komið í kring, hefir Skógrækt ríkisins eignast strönglengju með Lagarfljóti frá Gunnlaugsstöðum og uppúr.

Þessi gjöf Stefáns bónda ber vott um alveg óvenjulega viðsýni, sem skógræktin getur seint fullþakkað honum.

Barnaskóli fyrir Upphérað. Á s.l. sumri var ákveðinn hér í landareigninni staður fyrir barnaskóla, er 3 hreppar á Upphéraði standa að. Verður hann reistur í túni húsmæðraskólans á Efri-Þurshöfðamýri. Vonir standa til, að bygging hefjist vorið 1962.

Aðalfundur Skógræktarfélagss Íslands var haldinn hér dagana 17.-20. ágúst. Var þetta einn mesti viðburðurinn í starfseminni hér á árinu, því að fundurinn var fjölsóttur. Veður varð að lokum hið bezta, þótt ekki horfði vel í fundarbyrjun.

Undirbúningur var allmikill hér undir fundinn. Í sambandi við leiðarvísi um skógargönguna voru merktir alls 46 staðir, sem skoðaðir voru og upplýsingum safnað um. Var þetta að sjálfsögðu mesta verkið. Þá voru nokkrar veitingar fram bornar þátttakendum í skógargöngunni, er skógræktin bauð. - Kostnaður vegna fundarins varð um 8.500 kr.

Samkomuhald í Atlavík. Sú undantekning var nú gerð í þessu efni, að leyfð var samkoma í Atlavík um verzlunarmannahelgina, en það hefir ei verið gert áður. Var þetta gert til reynslu. U.Í.A. stóð fyrir samkomunni. Svo hittist á, að einmitt um þessa helgi lágu hátt á annað hundrað síldarskip inni hér á fjörðunum. Fór ekki hjá því, að þessi staðreynd setti sinn svip á samkomuna. Fólksfjöldi var miklu meiri en nokkru sinni áður á samkomu í Atlavík og drykkjusakpur að sjálfsögðu afskaplega mikill. Einn unglingspiltur úr Reykjavík fannst örendur í tjaldi sínu á sunnudaginn. Mannfagnaður þessi var vægast sagt mjög óyndislegur og ómurlegt var að koma í Atlavík á mánudagsmorguninn.

Eftir þessa reynslu mun ég mæla gegn því, að tilraunin verði endurtekin. Sú staðreynd, að nær allur síldarfloti landsins getur legið inni á Austfjörðum á þessum tíma sumars og allir sjómenn, sem farartæki fá, koma þá að sjálfsögðu til slíkrar samkomu, gerir það óverjandi að stefna fólki saman til tveggja daga útisamkomu á þessum tíma. Það virðist slimpilukka ein, að ekki skuli margir týna lífinu í þessum ófagnaði. Með því að leyfa samkomuhaldið, finnst mér maður óbeint taka á sig ábyrgðina af að stofna mannlífum í hættu. - Hins vegar gegnir mjög öðru máli um samkomuna, sem alltaf hefir verið haldin hér um miðjan júlí. Eg sé ekki ástæðu til að mæla gegn henni að óbreyttum aðstæðum.

Hallormsstað 31. janúar 1962

Eig. Blöndal